

Nd.

51. Breytingartillögur

[36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ingólfi Jónssyni og Helga Jónassyni.

Framan við 1. gr. koma nýir liðir:

1. Fyrir orðin „að Sandhólaferju“ í A. 33 kemur: Sandhólaferju og Háfshverfi að Háabæ.
2. Á eftir A. 33 kemur nýr liður:
Hamravegur: Af þjóðveginum vestan við Hárlaugsstaði að Syðri-Hömrum og Hamrahól.
3. Fyrir orðin „að Háabæ í Þykkvabæ“ í A. 38 kemur: um Háabæ að Bala í Þykkvabæ.
4. Á eftir A. 39 koma 2 nýir liðir:
 - a. *Gunnarsholtsvegur*: Af þjóðveginum vestan við Varmadal um Gunnarsholt, Kot að Næfurholti.
 - b. *Rangárvallavegur efri*: Af þjóðveginum við Eystri-Rangá um Stóra-Hof, Keldur, Reyðarvatn, Geldingalæk, Heiði, Þingskála og Kaldbak.
5. Aftan við A. 43 bætist: með álmu að Oddhól.
6. Á eftir A. 44 koma 3 nýir liðir:
 - a. *Móeiðarhvolsvegur*: Af veginum austan við Djúpadal niður með Eystri-Rangá að Móeiðarhvoli.
 - b. *Innheiðarvegur*: Frá Múlakoti að Barkarstöðum.
 - c. *Krossvegur*: Af Landeyjavegi syðri móts við Hildisey að Krossi.
7. Fyrir orðin „að Múlakoti“ í A. 45 kemur: um Múlakot að Fljótsdal.
8. Á eftir A. 46 koma 2 nýir liðir:
 - a. *Rauðafellsvegur*: Um Seljavelli, Selkot, Raufarfell að Rauðafelli.
 - b. *Hólmabæjarvegur*: Af þjóðveginum hjá Miðey um Svanavatn, Borgareyrar, Dalsel, Bjarkarland og Steinmóðarbæ á þjóðveginn við Steinmóðarbæjarhólma.
9. Á eftir A. 48 kemur nýr liður:
Skálavegur: Af þjóðveginum frá Hvammsnúpi um Núp, Skálabæi að Holtsárbrú.